

Sp. 594. Tillaga til þingsályktunar [288. mál]

um græðslu Sauðlauksdalssanda.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela Landgræðslu ríkisins að gera áætlun um græðslu foksanda í Sauðlauksdal og á Sandodda og kæmi hún til framkvæmda á árunum 1974—1982 til minningar á þjóðhátíðarári um hinn mikla velgerðarmann þjóðarinnar, séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, sem kenndi þjóðinni að rækta jarðepli og neyta þeirra og einna fyrstur Íslendinga reyndi, svo að vitað sé, að sporna við landeyðingu vegna sandfoks.

Greinargerð.

Það mun flestra mál, að eitt stórbrotnasta áform, sem uppi er um aðgerðir til að minnast ellefu alda byggðar í landinu, að það sem sist verður kennt við fordild eða hégómaskap, er landnýtingar- og landgræðsluáætlun sú, sem ákveðið hefur verið að gera um landgræðslu og gróðurvernd, svo og alhliða skipulagningu á notkun landgæða.

Þessu ber mjög að fagna, og mun enginn sjá eftir því fjármagni, sem til þess verður varið.

Þessu áformi til framkvæmda hefur nú verið skipuð 7 manna nefnd, og skal hún, svo sem í erindisbréfi hennar segir, gera tillögur um, „á hvern hátt heppilegast sé að vinna að gerð þessarar áætlunar.“ Í því efni skal miða við, að hægt sé að minnast 11 alda byggðar landsins með heildarátaki um landgræðslu og gróðurvernd, svo og alhliða skipulagningu á notkun landsnytja.

Nefnd þessi hefur leitað samstarfs við marga aðila, meðal annars við landshlutasamtökin. Í riti miklu, „Landgræðsluáætlun 1974—1978“, sem Landnýtingar- og landgræðslunefnd hefur nýlega sent frá sér, er birt bréf nefndarinnar til landshlutasamtakanna, og endar bréfið á þessa leið:

„Er það tillaga nefndarinnar, að ríkið veiti landshlutasamtökunum fjárstuðning til þess, að þau hafi forustu um að undirbúa áætlanir um landnýtingarskipulag í samráði við sveitarstjórnir, eða sveitar- og sýslustjórnir. Þannig verði stuðlað að því, að undirbúningur hefjist sem allra fyrst í öllum landshlutum og að á þeim grundvelli verði síðan ákvarðaðar framkvæmdir, þ. á m. þær lagabætur, sem til þurfa að koma, og ráðstafanir aðrar til þess að stuðla að skynsamlegri nýtingu alls landsins.“

Ekki er flutningsmönnum þessarar tillögu kunnugt um, hvort eða hvar fyrstu aðgerðir í landgræðslumálum séu ráðnar. En hvað sem um það er, þá er einn sá staður á Vestfjörðum, sem ekki má gleymast, þegar minnast skal 11 alda byggðar í landinu með stórátaki í landgræðslumálum.

Það eru Sauðlauksdalssandar.

Sandfok frá Sauðlauksdalssöndum ógnar nú jörðunum Sauðlauksdal og Kviðindisdal með eyðingu, og hafa þeir tilburðir af opinberri hálfu, sem uppi hafa verið til heftingar sandfoksins, að litlu gagni komið og reynst kák eitt. Hins vegar hefur fátækur bóndi í nágrenninu náð slíkum árangri í ræktun sandsins, að full sönnun er fengin fyrir því, að hinum nóturlegu sandborgum á Sauðlauksdalssöndum má breyta í fagan, sléttan og arðsaman töðuvöll. Til þess ber ríkinu að leggja fram fé á þjóðháttíðararárinu og næstu árum. Hér er um mikið landflæmi að ræða, marga tugir hektara. Sem ræktað land gætu sandarnir orðið grundvöllur fóðurbirgðaforðabúrs héraðsins. En meðan sandfokið er óheft, getur það evtt góðum bújörðum í nágrenninu og í framhaldi af því e. t. v. byggðinni allri. Hér er því brýn nauðsyn myndarlegra aðgerða. En fleira kemur til.

Jafnframt því, sem ræktun Sauðlauksdalssanda félli á allan hátt fullkomlega inn í landgræðsluáform þjóðháttíðarársins til minningar um 1100 ára búsetu í landinu, væri ræktun þeirra ekki síður verðug minning um búsetu séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal.

Varla er gefið út svo lauslegt ágríp Íslandssögu, að séra Björns sé ekki minnst sem brautryðjanda jarðeplaræktar á Íslandi. Hann er fæddur 1724, fyrir réttum 250 árum, og fékk Sauðlauksdal árið 1752. Talið er, að árið 1754 hafi hann gert fyrstu tilraunir með ræktun jarðepla á staðnum, og vann hann ósleitilega að ræktun þeirra og útbreiðslu upp frá því.

Í Íslenskum æviskrám hinu mikla riti Páls Eggerts Ólasonar, segir svo m. a. um séra Björn í Sauðlauksdal:

„Hann gerðist umsýslumaður mikill og varð nafnkunnur af garðrækt og annarri

jarðyrkju, enda fékk hann fyrstur manna hérlendis, 1756, verðlaunapening frá konungi og varð bréfafélagi danska landbúnaðarfélagsins 1770.“

Og í Sögu Íslendinga, 6. bindi, eftir Pál Eggert, farast honum orð á þessa leið um séra Björn Halldórsson í kaflanum um „Nýmæli um búnað og sjávarútveg“:

„Frægastar eru garðyrkjuframkvæmdir séra Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, er hann hélt áfram óslitið, frá því hann settist þar að, 1752 Varð hann fyrirmynd Íslendinga í jarðyrkju á sinni tíð og lengi síðan. Gekk honum vel að rækta ýmsar matjurtir, en þótt sýnt væri, að slíkt mætti takast, voru landsmenn seinir á sér að fylgja dæmi hans.“

Þetta er dómur sögunnar um séra Björn Halldórsson.

Enginn getur dregið í efa, að ræktun jarðepla og neysla þeirra hefur fremur en flest annað átt þátt í að bægja frá þjóðinni og afstýra hungursneyð og hallæri á 18. og 19. öld. Er því ekki of djúpt í ár tekið, þótt séra Björn Halldórsson sé nefndur meðal mestu velgerðarmanna íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar.

Þá leiðir annar þáttur í ævistarfi séra Björns Halldórssonar hugann beint að því máli, sem helgað er þjóðhátíðarárinu, nefnilega landgræðslunni og heftingu sandfoks.

Séra Björn gerðist nefnilega fyrstur Íslendinga, svo að vitað sé, til þess að reyna að afstýra evðingu gróðurlendis af völdum sandfoks.

Hann lét byggja garðinn „Ranglát“, sem enn mótar fyrir. Átti hann að verja túnið í Sauðlauksdal fyrir sandfoki. En nafnið „Ranglátur“ fékk garðurinn af því, að prestur lagði það að fengnu samþykki stjórnvalda sem skyldukvöð á hjáleigu-bændur staðarins að vinna við byggingu garðsins og grjótaðdrætti.

Séra Björn Halldórsson fluttist frá Sauðlauksdal árið 1782, og fer tillagan fram á það að lokið verði rætkun Sauðlauksdalssanda á árinu 1982, eða m. ö. o. þegar rétt 200 ár eru liðin frá brottför hans frá Sauðlauksdal.

En séra Björns ber einnig að minnast vegna margs annars en brautryðjenda-starfsins í garðyrkju og varnaraðgerða hans gegn sandfoki, þó að það beri hæst.

Hann var líka skáld gott, hálærður í guðfræði, latínu og grísku og einnig vel að sér í vngri málunum. Grasafræðibekking hans var frábær. Og eftir hann liggja stór-merk búfræðirit, sem urðu mjög útbreidd meðal alþýðu manna. Ber þar hæst ritin Atla og Arnþjórgu. Telur Hannes Þorsteinsson þau, einkum Atla, vera „eitthvert hið besta búnaðarrit, sem samið hafi verið á íslenska tungu.“ „Gömlu bændurnir“ segir hann, „kunnu hann svo að segja utan að og vitnuðu í hann eins og biblíuna.“

Þá var séra Björn miög vel að sér í íslenskri sagnfræði. Hann ritaði t. d. *Æviminning Eggerts Ólafssonar*, og annála ritaði hann um innlenda og erlenda við-berði. Síðari hluti þeirra er talinn einna merkastur íslenskra annála um og eftir miðbik 18. aldar. Er þar margt getið, sem hvergi finnst annars staðar. Hefur annáll þessi verið kallaður Sauðlauksdalsannáll, enda þar ritaður.

En þótt séra Björn Halldórsson væri þannig fiðlhæfur og frábær vísindamaður, er talið, að hann hafi auk þess skarað fram úr flestum eða öllum samtíma-mönnum sínum að bekkingu á íslensku og íslenskri málfræði.

Og á því sviði vann hann sitt stærsta vísindaafrek. Hann samdi íslenska orða-bók yfir gamla og nýja málið með latneskum þýðingum. Að þessu mikla og þarfa verki vann hann í 15 ár samfleytt.

Um orðabók Björns Halldórssonar lét P. E. Müller prófessor, síðar Stjálands-biskup, svo um mælt í formála fyrir henni, „að það sé undrunar vert, að höfundur-inn hafi getað afkastað slíku verki á svo afskekktum stað, ekki átt kost nauðsyn-legra bóka, nema af skornum skammti og haft svo mörgum sundurleitum störfum að gegna, en hann hafi auk búsvslu og embættisanna stundað vísindi af svo miklu kanni, að ætla mætti, að hann hefði alið allan aldur sinn í lestrarstofu á einhverju höfuðbólí menntagvðjanna.“

Þetta er mikilsverður vitnisburður um það bókmenntalega þrekvirki, sem séra Björn vann með samningu orðabókarinnar. Enda hefur annar merkur maður sagt, að hún muni, auk alls annars, „standa sem óbrotgjarn minnisvarði yfir moldum hans.“

Um eitt af búfræðiritum séra Björns Halldórssonar er líka til ekki síður glæsilegur vitnisburður, og er höfundur hans einn af merkustu mönnum Íslandssögunnar fyrr og síðar, Jón Eiríksson konferensráð.

Hann segir svo í formálsorðum fyrir hinni miklu ritgerð Björns, „Grasnytjum“: „Svo er prófasturinn, séra Björn, þjóðkunnur að mannkostum og lærdómi, eigi einungis úti á Íslandi og víðar hér í ríkjunum, heldur og einnig um Suðurlönd og vestur á Franz, að eigi þarf ég að leita honum né riti hans lofs með línunum þessum.“

Þetta er mikilsvert lof af munni slíks manns sem Jón Eiríksson var.

Það er þessi maður, séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, sem flm. þessarar tillögu vilja, að Alþingi og íslenska þjóðin heiðri og minnst á viðeigandi og veglegan hátt með uppgræðslu Sauðlauksdalssanda. Verði verkið hafið á þjóðhátíðarárinu, sem helgað er græðslu lands og gróðurvernd, en nú eru 250 ár liðin frá fæðingu þessa stórmennis, og verði verkinu lokið eigi síðar en á árinu 1982, en þá eru rétt 200 ár liðin frá því séra Björn fluttist frá Sauðlauksdal.